STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1984

16. mars 1984 213 Nr. 144

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 44 8. febrúar 1984, um stjórn botnfiskveiða 1984.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Samráðsnefnd sbr. 2. mgr. 16. gr. er heimilt að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörkun veiðisvæða telji nefndin það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 11. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Ný skip og skip, sem orðið hafa á eigendaskipti á árinu 1983 skulu fá reiknað aflamark í samræmi við veiðar þeirra, sbr. 6.—10. gr., þann tíma, sem þau hafa verið í eigu nýrra aðila, enda hafi þessir aðilar gert skipin út í 5 mánuði eða lengur á árinu 1983. Útgerðum þessara skipa skal síðan gefinn kostur á að velja um það aflamark eða meðalaflamark samkvæmt 1. mgr. 11. gr.

3. gr.

Eftir 1. mgr. 12. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Útgerðir skipa, sem flokkuð eru samkvæmt 2. og 3. tl. a liðar 6. gr. skal þó ekki gefinn kostur á vali samkvæmt 1. mgr. enda þótt skipstjóraskipti hafi orðið á skipinu á árinu 1983.

Heimilt er að gefa útgerð, sem úrelt hefur skip á árunum 1982 eða 1983, kost á að velja aflamark sbr. 6. — 10. gr., sem úrelt skip hefði fengið, fyrir skip, sem útgerð hefur hafið rekstur á eftir úreldingu fyrra skips en þó fyrir 1. janúar 1984. Sama gildir um útgerð, sem hefur hafið rekstur á skipi á árinu 1983, enda þótt fyrra skip þeirrar útgerðar sé nú í eign og rekstri annarra aðila. Ofangreind heimild til viðmiðunar við aflamark skipa er bundin því skilyrði, að hin nýju skip séu afkastameiri eða sambærileg við fyrri skip sömu útgerðar að dómi samráðsnefndar sbr. 2. mgr. 16. gr.

Hafi skipstjóraskipti á árinu 1983 orðið með þeim hætti, að skipstjóri, sem fram að skiptum hafði stýrt sama skipi samfellt á viðmiðunartímabilinu sbr. 6. gr., tekur við öðru sambærilegu skipi í 3. stærðarflokki eða stærra sbr. 9. gr. og meirihluti áhafnar flyst með honum, skal heimilt, auk vals sbr. 1. mgr., að gefa kost á því að aflamark á skipinu, sem skipstjóri tekur við, miðist við aflareynslu áhafnarinnar á fyrra skipinu.

4. gr.

Við 13. gr. bætist nýr liður svohljóðandi:

4. Heimilt er að sameina tímabilin 1. maí til 31. ágúst og 1. september til 31. desember, sbr. 1. mgr. 11. gr., í eitt tímabil, þannig að nota má úthaldsdaga beggja tímabila samfellt hvenær sem er frá 1. maí til 31. desember 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi:

Eftirfarandi fisktegundir teljast ekki hluti af aflamarki skips: Steinbítur, veiddur á línu frá 1. janúar til 30. apríl 1984, grálúða veidd á línu frá 1. júní þar til öðru vísi verður ákveðið, þó ekki lengur en til 31. ágúst 1984 og skarkoli veiddur í dragnót frá 1. júní til 31. desember 1984.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 82 28. desember 1984. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 145 9. mars 1984

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, annarra en barnalífeyris skv. 14. gr., mæðra- og feðralauna skv. 15. gr. og tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 7% frá og með 1. mars 1984 frá því sem þær voru í febrúarmánuði s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.